

Ákvörðun Aganefndar L.H.

Mál nr. 1/2009

Tekið er fyrir mál nr. 1/2009

Frá yfirdómara, mótstjóra og vallarstjóra og meðlimum Æskulýðsnefndar LH vegna atviks sem kom upp á æskulýðsmóti á Ís sem haldið var þann 9. apríl 2009 í Skautahöllinni í Laugardal.

Málsatvik

Samkvæmt tilkynningu frá yfirdómara, mótstjóra og vallarstjóra og meðlimum Æskulýðsnefndar LH kom það upp að einn dómari keppinnar, Halldór Guðjónsson, kt. 310375-5359 neitaði að fara að fyrirmælum mótstjórnar. Fólst neitun dómarsins í því að hann neitaði að starfa með þeim ritara sem mótstjórn hafði falið honum að vinna með og vildi dómariinn vinna með eigin ritara. Hótaði dómariinn að fara af mótinu ef hann fengi ekki vilja sínum framgengt. Samkvæmt upplýsingum mótstjórnar tilkynnti mótstjórn dómarsins að ekki yrði orðið við óskum hans og yfirgaf hann þá mótstað.

Gögn málsins

Fyrir liggur tilkynning yfirdómara, mótstjóra, vallarstjóra og meðlima Æskulýðsnefndar LH um málið: Yfirdómari Pétur Jökull Hákonarson; Mótstjóri: Þorvarður Helgason; Vallarstjóri Ágúst Hafsteinsson Æskulýðsnefnd LH Helga Björg Helgadóttir, Sigríður Birgisdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Þorvarður Helgason.

Forsendur Aganefndar LH

Aganend LH hefur farið yfir tilkynningu frá mótstjórn vegna ísmóts frá 9. apríl 2009. Ekki þótti ástæða til að óska sérstaklega eftir frekari gögnum eða umsögnum í málinu. Í ákvæði 2.8.9.2 í lögum Landssambands hestamannafélaga segir:

“Dómarar, sem án gildirar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómara réttindin, allt að sex mánuði.

Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum starfsmönnum eða áhorfendum.

Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til mótshaldara og dómarsnefndar LH.”

Aganefnd LH telur að viðkomandi dómari hafi brotið gegn 2. mgr. greinar 2.8.9.2 í lögum L.H. ofangreindrar greinar. Í lögum LH sem og almennum viðmiðum um háttsemi dómara á vegum LH. Með vísan til greinarinnar og 2. gr. reglugerðar um Aganefnd LH, telur nefndin rétt að svipta Halldór Guðjónsson dómara réttindum hans á mótum sem haldin eru á vegum L.H. í einn mánuð frá birtingu ákvörðunar þessarar fyrir viðkomandi.

Ákvörðun og viðurlög

Halldór Guðjónsson, kt. 310375-5359 er sviptur dómara réttindum sínum á mótum á vegum L.H. í einn mánuð frá birtingu þessarar ákvörðunar að telja. Ákvörðun þessi skal tilkynnt með sannanlegum hætti. Öllum ákvörðunum Aganefndar LH er hægt að áfrýja til dómstóls ÍSÍ.

Reykjavík 14. maí 2009, f.h. Aganefndar LH
Þorvaldur Sigurðsson
Aili Már Ingólfsson
Sæþór Fannberg